

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

119. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 21. febrúar 2013 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14.02.2013:
3. Samþykkt um gatnagerðagjald, fráveitugjald, byggingarleyfisgjöld, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Pingeyjarsveit – fyrri umræða:
4. Erindi – Mýri í Bárðardal:
5. Styrkbeiðni – Forvarnabókin:
6. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.:

Til kynningar:

- a) Fundargerð Atvinnuefingar Pingeyjarsveitar ehf. frá 07.02.2013:
- b) UMFÍ, auglýsing umsóknar um 5. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2015:
- c) UMFÍ, auglýsing umsóknar um 19. Unglingalandsmót UMFÍ 2016:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 7. lið; Erindi frá Kvenfélagasambandi Suður-Pingeyinga.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14.02.2013:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14. febrúar s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

1.liður fundargerðar; Árteigur í Kinn. Viðbygging við verkstæðishús í Árteigi.
Sveitarstjórn samþykkir að tillaga að viðbyggingu verði grenndarkynnt fyrir nágrönnum skv. 2. mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3.liður fundargerðar; Staðarbraut (854). Umsókn um framkvæmdaleyfi.
Sveitarstjórn samþykkir erindi Vegagerðarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til 3. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

3. Samþykkt um gatnagerðargjald, fráveitugjald, byggingarleyfisgjöld, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Þingeyjarsveit – fyrri umræða:

Lögð fram til fyrri umræðu breyting á samþykkt um gatnagerðargjald, fráveitugjald, byggingarleyfisgjöld, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn vísar samþykktinni til síðari umræðu sbr. 1. mgr. 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

4. Erindi – Mýri í Bárðardal:

Lagt fram erindi frá ábúendum á Mýri í Bárðardal, Tryggva Höskuldssyni og Guðrúnu Sveinbjörnsdóttur, dags. 18. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna fyrirhugaðra kaupa á jörðinni.

Sveitarstjórn mælir með kaupunum og felur sveitarstjóra að ganga frá yfirlýsingu samkv. 36. gr. jarðarlaga nr. 81/2004.

5. Styrkbeiðni - Forvarnabókin:

Lagt fram erindi frá Árna Einarssyni f.h. Fræðslu og forvarna, fræðslu- og upplýsingamiðstöðvar í forvörnum og heilsuefningu, dags. 8. febrúar s.l. Leitað er eftir fjárstuðningi til útgáfu á ritinu Fíkniefni og forvarnir – handbók fyrir heimili og skóla.

Samþykkt að veita styrk að fjárhæð kr. 20.000.

6. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.:

Lagt fram aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2012 sem haldinn verður 15. mars n.k.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundunum.

7. Erindi frá Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyinga:

Tekið fyrir erindi frá Sif Jónsdóttur f.h. Kvenfélagasambands Suður-Þingeyinga dags. 18. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir styrk til greiðslu fasteignagjalda af Húsmæðraskólanum á Laugum, þ.e. þeim hluta sem er í eigu sambandsins.

Samþykkt að verða við erindinu.

Til kynningar:

- a) Fundargerð Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf. frá 07.02.2013:
- b) UMFÍ, auglýsing umsóknar um 5. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2015:
- c) UMFÍ, auglýsing umsóknar um 19. Unglingalandsmót UMFÍ 2016:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10

Ólína Arnkelsdóttir

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Arnór Benónýsson

Árni Pétur Hilmarsson

Ásta Svavarsdóttir